

Um 130 manns tóku þátt í ísveislu á Laugarvatni

Um 130 manns tóku þátt í sannkallaðri ísveislu á Laugarvatni laugardaginn 17. janúar. Þar fékk fólkið tækifæri til að prófa ýmislegt sem hægt er að gera á ís, svo sem fara á skauta, fara í krullu, veiða í gegnum dorgholu og skauta á ísilögðu vatninu. Fólk kom víðs vegar að af Suðurlandi til að taka þátt í viðburðinum, svo sem fólk sem dvaldi í orlofs-húsum KÍ á Flúðum en heyrði fréttainnslag Magnúsar Hlyns fjölmiðlamanns í útvarpi.

Viðburðurinn var samstarfs-verkefni Ungmennafélags Laugdæla, heilsuefandi Bláskógabyggðar, Heilsuefandi samfélags í Grímsnes- og Grafningshreppi og svæðisskrifstofu íþróttahéraða á Suðurlandi og er hluti af íþróttaviku Evrópu.

Frosttímabilið hefur verið nokkuð í Bláskógabyggð og var ísinn á vatninum 15 sentímetra þykkur. Hann hélt öllum gestum, sem þrátt fyrir það voru hvattir til að fara varlega, sérstaklega við inn- og útösa vatnsins.

Áður en fólki var hleypt út á ísinn var ísþykktin metin og farið yfir öll þau atriði sem fólk þurfti að hafa í huga til að passa sig og koma í veg fyrir slys. All-



Mynd: Ungmennafélag Íslands.

ir þátttakendur voru sem dæmi hvattir til að hafa hjálm á höfði.

Viðburðurinn heppnaðist með eindæmum vel, að sögn Rakelar Magnúsdóttur, annars af tveimur svæðisfulltrúum íþróttahéraðanna á Suðurlandi.

Margt skemmtilegt var í boði og margt af því heimager, þar á meðal krullan, sem var úr viði í Haukadalsskógi, íshokki og hægt að skauta. Þau sem ekki áttu ekki skauta þurftu ekki að örvænta því til útláns voru

skautar af stærðinni 37–45.

Kveikt var upp í varðeldi á ísnum og tóku margir með sér pinnabrauðsdeig til að njóta við eldinn. Auk þess var boðið upp á kaffi, kakó og heitt saft að norskum sið. Að viðburðinum

loknum var ókeypis í sund í íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni.

Rakel segir fólk hafa verið gríðarlega ánægt með viðburðinn og því stefnt á að endurtaka hann að ári. *UMFÍ*

Rannveig og Örn sigurvegarar Samzel

Miðvikudaginn 28. janúar fór fram Samzel, árleg söngkeppni Zelsíuz, þar sem ungmennti í Sveitarfélaginu Árborg stíga á svið og sýndu hæfileika sína við frábærar undirtektir. Keppnin var haldin á Sviðinu fyrir fullu húsi og einkenndist kvöldið af mikilli stemningu, fjölbreyttu lagavali og hugrekki þátttakenda sem

stígu út fyrir þægindarammann og létu ljós sitt skína.

Boðið var upp á afar fjölbreytt atriði, allt frá klassískum popplögum og söngleikjalögum til frumsamans efnis. Meðal flytjenda voru Rannveig, Hugu-rún Hadda, Hrefna Rós, Valeriana og þau Hafberg og Sveinn, sem hlutu sérstök verðlaun fyrir skemmtilegasta atriði kvölds-

ins með frumsamda laginu *Klukkan 3*.

Dórnafndina skipuðu söngkonan Emilía Hugu-rún, rapparinn Lukku Láki og Gunnar Ey-steinn, deildarstjóri frístundaþjónustu. Þau hrósuðu keppendum fyrir metnað, hugrekki og fjölbreytni í flutningi og sögðu ljóst að erfitt hefði verið að velja á milli atriða.

Að lokum stóðu Rannveig og Örn uppi sem sigurvegarar, Hugu-rún Hadda varð í öðru sæti og Hrefna Rós í því þriðja.

Rannveig og Örn munu keppa fyrir hönd Zelsíuz í undankeppni Samfés á Suðurlandi 20. mars. Starfsfólk Zelsíuz er afar stolt af öllum þátttakendum og þeim krafti sem ungmenntin í Árborg sýndu þetta kvöld.



Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025



**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.trs.is



Eyravegur 51,
800 Selfoss
Sími 590-6996

AÐALSKOÐUN

Er kominn tími á
hestakerruna?



Skoðunarmánuður hestakerra fylgir
endastaf á númeri hennar!



Matvælasjóður auglýsir eftir umsóknum



Hlutverk Matvælasjóðs er að **styrkja þróun og nýsköpun** við framleiðslu og vinnslu íslenskra matvæla og hliðarafurða þeirra úr landbúnaðar- og sjávarafurðum.

Úthlutanir sjóðsins taka mið af stefnu stjórnvalda í matvælaframleiðslu. Áhersla er lögð á að styrkja verkefni sem stuðla að **nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni** íslenskra matvæla.

Við undirbúning umsóknar eru umsækjendur eru hvattir til að kynna sér styrktarflokka og handbók Matvælasjóðs.

Opið er fyrir umsóknir frá 2. febrúar, umsóknar-frestur er til miðnætis 27. febrúar 2026.

Sjá nánar á matvaelasjodur.is

Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvegaráðuneytið

Smiður í Ás í Hveragerði



Grund leitar að sjálfstæðum, skemmtilegum og metnaðarfullum smið til starfa á fasteignasviði Grundarheimilinna á starfstöð okkar í Ási í Hveragerði og verða þar hluti að frábærum hóp starfsmanna.

Um fjölbreytt og skemmtilegt starf er að ræða í góðu umhverfi.

Almennt viðhald fasteigna, vinna á trésmíðaverkstæði, samvinna við verktaka og ýmis önnur störf.

Nánari upplýsingar eru á grund.is undir umsóknir og frekari upplýsingar um starfið veitir Hlynur Rúnarsson fagstjóri fasteigna hlynur@grund.is

Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar 2026.



Vetrartónar 2026

Tónleikaröðin Vetrartónar í Stokkseyrarkirkju sem hóf göngu sína í fyrra snýr aftur með glæsilega dagskrá. Að þessu sinni verða tónleikarnir fernir og fara fram fjögur miðvikudagskvöld í röð. Tónleikaröðin er liður í starfi Stokkseyrarkirkju að bjóða fólk velkomið til kirkju og njóta vandaðs tónlistarflutnings á dimmasta tíma ársins. Allir tónleikarnir hefjast klukkan 20:30 og er aðgangur ókeypis, en gestum gefst kostur á að leggja til frjáls framlög. Tónleikaröðin er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Þann 11. febrúar verður stór-söngkonan Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, mezzó-sópran og Tómas Eggert Guðnason píanó- og orgelleikari að flytja söngdagskrá helguð þekktum óratóri- og óperuaríum.

18. febrúar verður Sunnlenski barítóninn Gunnlaugur Bjarnason og Sævar Helgi Jóhannsson píanóleikari flytja sönglög eftir Sigvalda Kaldalóns, Jón Þórarinsson, L.v. Beethoven, Pál Ísólffson o.fl.

25. febrúar mun hinn margrómaði miðaldatónlistarhópur Voces Thules, sem starfað hefur frá árinu 1991, flytja brot úr tíðarsöng Þorláks helga og söngva um draumfarir Sturlunga við eigin hljóðfæraundirleik þar sem leikið verður á langspil, symfón, gíttern, flautur, sekkjapípur, trommur og slagverk af ýmsum gerðum.

Þann 4. mars verður hin ástæla söngkona Ragnheiður Gröndal og Guðmundur Pétursson gítarleikari flytja vel valin þjóðlög og dægurlög innan um nýjan og fornan kvæðaskap.



Jarðgöng til Eyja innan seilingar?

Opinn kynningarfundur Eyjaganga ehf. var haldinn í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli 20. janúar sl. og var fundurinn ágætlega sóttur, en rúmlega 30 manns mættu. Sambærilegur fundur fór fram í Vestmannaeyjum 15. janúar en hann sóttu á fimmta hundrað manns.

Á fundinum kynnti stjórn félagsins stöðu verkefnisins, fyrirhugaðar jarðrannsóknir, næstu skref og tímalína kynnt. Rannsóknarboranir hefjast í Vestmannaeyjum í mars komandi og lofi þær góðu verður haldið áfram í vor í Landeyjum. Gert er ráð fyrir að göngin verði um átján kílómetra löng, taki land við Kross í Landeyjum og nái niður á 220 metra dýpi. Á Heimaey er áætlað að göngin komi upp undir Klifið og tengist gatna-kerfi Vestmannaeyjabæjar rétt sunnan við Friðarhöfn. Fyrstu áfangar rannsóknanna felast í borun kjarnahola, annars vegar í Landeyjum og hins vegar í Landeyjum. Að þeim loknum taka við frekari rannsóknir og greiningar áður en ákvörðun verður tekin um framhaldið.

Fram kom í kynningu stjórnarmanna að ljóst væri að framkvæmd af þessari stærðargráðu yrði kostnaðarsöm. Þrátt fyrir það telja þeir að arðsemi verkefnisins geti orðið ágæt til lengri tíma lítið. Einnig kom fram að fjármögnun verkefnisins hafi gengið vel og að góður meðbyr

hafi verið með verkefninu frá upphafi.

Árni Sigfússon fundarstjóri og stjórnarformaður Eyjaganga bauð fundargesti velkomna, en nú fengum við að hlusta á ræðu Antons Kára Halldórsonar, sveitarstjóra í Rangá-þingi Eystra, sem ekki komst á fundinn í eyjum. Anton Kári benti á marga kosti jarðgangna milli lands og eyja, sameiginlega þætti í báðar áttir sem nýttist ekki bara Rangæingum heldur íbúum allt austur í Vík. Þar mætti nefna aðgang að sjúkrahúsi Vestmannaeyja og framhaldsskólanum, en auk þess aðgang að höfn sem með tíð og tíma myndi nýtast framsýnum sveitunum sínum.

Ingunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri sambands sunnlenskra sveitarfélaga og stjórn-

armaður, mætti en hún eins og margir komst ekki á fundinn í eyjum. Haraldur Pálsson kynnti verkefnið ýtarlega, þar á meðal tímalínu þess sem vakti athygli fundarmanna.

Skemmtilegt var að heyra áhuga fundarmanna í almennum fyrirspurnum og voru þær margar hverjar meira miðaðar við tækifæri heimamanna eins og vænta mátti, en þar mátti heyra mikinn áhuga fólks á verkefni- nu.

Í stjórn Eyjaganga ehf. sitja Árni Sigfússon sem er formaður stjórnar, Gylfi Sigfússon, Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri Sambands sunnlenskra sveitarfélaga, Ívar Atlason, umdæmisstjóri vatnasviðs HS veitna í Eyjum, og Haraldur Pálsson sem er framkvæmdastjóri félagsins.



Sandra Sigurðardóttir þingmaður Viðreisnar, Anton Kári Halldórsson sveitarstjóri í Rangáþingi Eystra, Ívar Atlason svæðisstjóri vatnasviðs HS veitna í eyjum, Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri SASS, Árni Sigfússon stjórnarformaður og Haraldur Pálsson framkvæmdastjóri félagsins.



Húllumhæ á Selfossi!

Fimmtudagur 5. febrúar | Kl. 16:30 – 17:30 | Eyravegur 37

Við bjóðum Selfyssingum og sveitungum á svæðinu í léttar veitingar á þjónustuskrifstofunni okkar á Eyraveginum.



Hlökkum til að sjá þig!



Opnun ljósmyndasýningar

Fimm konur frá suðurlandi eru með ljósmyndasýningu Gallery Listaseli á Selfossi í febrúar og verða með opnnun laugardaginn 7. febrúar milli kl. 14 - 16:00. Þær eru Auður Lilja Arnþórsdóttir, Eygló Aradóttir, Inga Heiða Andreassen Heimisdóttir, Sandra Dís Sigurðardóttir, Sólveig Stolzenwald. Viðfangsefnið eru héðan og þaðan og endurspeglar mismunandi áhuga í ljósmyndun þeirra. Allir velkomir og léttar veitingar í boði.



Skipulagsvalkostir í Hveragerði

Núverandi bæjarstjórn Hveragerðis hefur haft betur gegn undirrituðum, vegna endurskoðunar aðalskipulags Hveragerðis. Undirritaður kallaði endurskoðun bæjarstjórnar fyrst skipulagsslys, síðar skipulagsrugl, enn síðar skemmdarverk, og nú að lokum skipulagsafglöp. Þetta eru orð sem ýmsir Hvergerðingar hafa haft um vinnubrögð bæjarstjórnar. Þau eru um störf meirihluta bæjarstjórnar, Okkar Hveragerðis (O) og Framsóknar (B). Undirritaður hefur áður gert ítarleg skil á göllum aðalskipulagstillögu bæjarins, og vísar til þeirra í Dagskránni (dfs.is), útgáfudagana 31.júlí og 4.sept.. Þessi grein mun fjalla um hvaða valkosti Vegagerðin og Landsnet hafa, eða gætu haft. Vegagerðin hefur eða hafði 3 valkosti:

Valkostur V1 var að halda þjóðveginum eins og hann er í dag, breikka hann, en falla frá mislægum gatnamótum vegna plássleysis. Fyrir Hveragerði var þessi valkostur slæmur, með hringtorg nánast ofan í miðbænum (sbr.Selfoss), bæði fyrir Hveragerði og Vegagerðina, og kom því ekki til greina.

Valkostur V2 er lega þjóðvegur eins og hann er staðfestur í aðalskipulaginu í dag. Legan er þokkaleg fyrir Vegagerðina, enda samkvæmt eigin tillögu. Þrjú kostnaðarsöm undirgöng eru þó undir þjóðveginum, sem Vegagerðin þyrfti að kosta. Þessi lega þjóðvegur er afleitt fyrir eðlilega þróun byggðar, nýtingu bæjarlands og innviða Hveragerðis. Þessi lega var meiriháttar skipulagsafglöp á sínum tíma, með Sjálfstæðisflokkinn (S) í meirihluta. Á þeim tíma vildi bæjarstjórnin þrýsta þjóðveginum sunnar svo rými gæti

skapast fyrir byggð til suðurs. Það skaðaði heldur ekki að núverandi þjóðvegur mundi nýfast um leið sem innanbæjarvegur í Hveragerði. Mistökkin voru þau að flytja ekki þjóðveginn enn sunnar. Þau mistök endurspeglar gallana í núverandi tillögu að aðalskipulagi.

Valkostur V3 er tilfærsla þjóðvegur lengra til vesturs og suðurs, að mörkum bæjarlandsins (sjá Dagskrá dfs.is). Þetta er besta tillagan fyrir Hveragerði. Með tilfærslunni hverfa allir gallar núverandi aðalskipulags, sem bæjarstjórn þýður bæjarbúum í dag. Tilfærslan er einnig góð fyrir Vegagerðina. Þjóðvegurinn er heldur lengri, en undirgöngin falla niður, og endanlegur kostnaður lækkar. Hringtorgið og mislægu gatnamótin færast fjær miðbænum, til góðs fyrir umferðina. Hveragerði fær rýmri miðbæ. Þessi valkostur er bestur, bæði fyrir Vegagerðina, en ekki síður fyrir Hveragerði. Ef svo slysalega vill til að þjóðvegurinn verði staðfestur samkvæmt tillögu bæjarstjórnar (sbr V2), verður að gera þjóðveginn í gegnum bæinn að þjóðvegi í þéttbýli. Þá féllu niður allar þjóðvegarkvaðir svo sem helgunarsvæði og hljóðmanir og aðkoma yrði leyfð eftir endilöngum vegi, eins og í öllum slíkum innanbæjarvegum (sbr. Austurvegur á Selfossi). Þá væri betra að færa þjóðveginn samkvæmt V3. Það sem vekur athygli er að Árborg og fleiri bæjarfélög um allt land eru að flytja þjóðveginn út úr þéttbýlinu, en Hveragerði rembist við að halda þjóðveginum innan þéttbýlisins. Dagleg umferð um þjóðveg 1 mun að líkum aukast úr 13500 í 20000 á næstu 20-25 árum.

Háspennulínur hafa 2 val-

kosti. Valkostur H1 er núgildandi samningur Landsnets við bæjarfélagið, sem fellst í að leggja háspennulínurnar í jörð. Bæjarstjórnin gerði mistök þegar hún gerði þennan samning, því landið undir háspennulínurnar og helgunarsvæðið er áfram jafn stórt og fyrr. Þetta land er bæjarfélaginu nauðsynlegt fyrir samfellda byggðarþróun. Bæjarstjórn þarf að endursenja við Landsnet og flytja loftlínurnar sunnar, samhliða þjóðvegi í valkosti V3. Samið yrði um loftlínur til margra ára. Það væri ódýrara fyrir Landsnet en að grafa raflínurnar í jörð, og Hveragerði fengi land Landsnets fyrir nýja byggð og innviði. Hvorki Vegagerðin né Landsnet hafa hafið framkvæmdir svo það ætti að vera grundvöllur til samninga.

Á sama tíma er nauðsynlegt að uppfæra aðalskipulagið og flytja þjóðveginn í samræmi við valkost V3, og háspennulínur í samræmi við valkost H2. Ef illa gengur að semja þarf að stöðva allar framkvæmdamöguleika með synjun leyfa til framkvæmda. Þá verður að líta til uppbyggingar Sólborgarsvæðisins. Einhver kostnaður fellur örugglega á Hveragerðisbæ, að lágmarki vegna landakaupa, land sem Hveragerðisbær þyrfti hvort hið er að kaupa síðar vegna uppbyggingar í framtíðinni.

Eftir kosningar hafa vonandi valist bæjarfulltrúar, sem ekki bregðast bæjarfélaginu og hagsmunum þess. Næsta bæjarstjórn verður að láta það verða sitt fyrsta verk að leiðrétta aðalskipulagið og semja við Vegagerðina og Landsnet.

Róbert Pétursson, Álfahvammi, Hveragerði.



Laxaréttur með núðlum

Bryndís Áskelsdóttir er matgæðingur vikunnar.

Takk fyrir áskorunina kæra frænka og vinkona Birna Gestsdóttir.

Þennan laxarétt fann ég á netinu einhvertímamann fyrir löngu og hefur hann verið í uppáhaldi hjá mér síðan.

- Hráefni**
Laxaflök ca. 6-800 g
Eggjanúðlur 250 g
1-2 msk. sojasósa
1,5 dl sweet chilisósa
1 rauð paprika skorin smátt
1 búnt vorlaukur skorinn í sneiðar
2 dl kasjúhnetur

Langar mig að skora á mágkonu mína Elínu Eir Jóhannesdóttur að koma með uppskrift í næstu viku, ég veit hún lumar á mörgu góðu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Æfingar hafnar á Skilaboðaskjóðunni á Selfossi

Leikfélag Selfoss hefur hafið æfingar á Skilaboðaskjóðunni eftir Þorvald Þorsteinsson í leikstjórn Gunnars Gunnsteinssonar. Frumsýnt verður í lok febrúar og verða sýningar um helgar í mars og apríl.

Í Skilaboðaskjóðunni segir frá Putta og Möddumömmu sem búa í Ævintýraskóginum, þar sem öll ævintýrin gerast og dvergarnir sinna mikilvægum störfum. Þegar nátttrölilið rænir Putta til að breyta honum í tröllastrák sameinast allir íbúar skógarins um að bjarga honum áður en sólin sest á bak við sólarlagsfjall. En nornin, úlfurinn og stjúpán vilja ekki vera með og þá eru góð ráð dýr.

Skilaboðaskjóðan er ævintýrasöngleikur byggður á samnefndri bók Þorvaldar sem



kom út árið 1986 og naut mikilla vinsælda. Söngleikurinn var frumsýndur á stóra sviði Þjóðleikhússins í nóvember árið 1993 í leikstjórn Kolbrúnar Halldórsdóttur og sló í gegn. Jóhann G. Jóhannsson, tónlistarstjóri Þjóðleikhússins, samdi tónlist fyrir verkið við texta Þorvaldar og vorið 1994 kom út geisladiskur með tónlistinni í flutningi leikara og hljómsveitar leikhússins.

Skilaboðaskjóðan er ævintýri fyrir börn á öllum aldri og við hlökkum til að sjá ykkur öll í Litla leikhúsinu við Sigtún.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Blámaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.

Auglýsingaeið: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun: Prentmet Oddi Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Hausinn sumir setja á, sáir fræjum brjálað. Oft er mjúku hreiðri hjá, hátt er lyft og skálað.

Svar við gátu í blaði 2837: **BLAÐ**

1. Dagblað - 2. Blað í munnstykki á blásturshljóðfæri

3. Hnífsblað - 4. Laufblað



Veitustjóri Bláskógaveitu



Bláskógaveita óskar eftir að ráða til sín öflugan einstakling í starf veitustjóra. Bláskógaveita annast rekstur og framkvæmdir við hita- og vatnsveitu Bláskógabyggðar. Veitan tilheyrir framkvæmda- og veitusviði og er hluti af mikilvægum innviðum sveitarfélagsins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Daglegur rekstur, umsjón og viðhald veitukerfa
- Nýframkvæmdir við vatnsöflun, veitukerfi og mannvirki þeim tengdum
- Verkstjórn og stýring verktaka við nýframkvæmdir, viðhald og viðgerðir
- Fjárhagsáætlanagerð með sviðsstjóra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Iðnmenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi, til dæmis í málmiðngreinum
- Reynsla og þekking á sviði veitna og framkvæmda
- Færni til að stjórna og leiðbeina
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking og reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð
- Öku- og vinnuvélaréttindi
- Suðuréttindi kostur

Veitustjóri þarf að vera tilbúinn að sinna útköllum, komi upp bilanir. Mikilvægt er að veitustjóri sé búsettur á dreifisvæði veitunnar eða í næsta nágrenni. Næsti yfirmaður veitustjóra er sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf með rökstuðningi fyrir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Um er að ræða fullt starf og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til og með **16. febrúar**.
Sótt er um starfið á www.hagvangur.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristófer Tómasson, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar, kristofer@blaskogabyggd.is.

Bláskógabyggð er í uppsveitum Árnæssýslu í um 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Íbúar eru um 1.550, en auk þess eru um 2.000 sumarhús í sveitarfélaginu. Innviðir eru góðir og hefur talsverð uppbygging átt sér stað á síðustu árum. Í sveitarfélaginu eru vinsælar náttúruperlur og sögufrægir staðir. Atvinnuvegir eru ferðaþjónusta, landbúnaður, þar með talin garðyrkja, og ýmsar þjónustugreinar. Þéttbýlisstaðir eru Reykholt, Laugarvatn og Laugarás.

Tónlistarskóli Árnesinga

Tónleikaröð í tilefni af Degi tónlistarskólanna



Tónlistarskóli Árnesinga heldur upp á Dag tónlistarskólanna með tónleikaröð 9. – 13. febrúar sem hér segir.

9.2.2026 – Skálholtskirkja kl. 18:00
10.2.2026 – Hveragerðiskirkja kl. 18:00
11.2.2026 – Stekkjaskóli kl. 17:00
11.2.2026 – Stekkjaskóli kl. 18:30
12.2.2026 – Stekkjaskóli kl. 18:00
13.2.2026 – Þorláksskirkja kl. 18:00

Þema tónleikanna er **Dýrin okkar** og spennandi að heyra hvernig það litar dagskrár tónleikanna.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis.
– Verið öll hjartanlega velkomin! –



Aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar 2026



Aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar verður haldinn í safnaðarheimili Selfosskirkju miðvikudaginn 18. feb. kl. 17:00.

Dagskrá aðalsafnaðarfundar:

Málefni sóknarinnar verða þar rædd, starfsskil og reikningsskil sóknarnefndar sem og verkefni og starf næsta starfsárs.

Dagskrá fundarins er með þessum hætti (sbr. Starfsreglur um sóknarnefndir www2.kirkjan.is/node/11364):

1. Gerð grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.
2. Afgreiðsla reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár, ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.
3. Greint frá starfsemi héraðsnefndar og héraðsfundi.
4. Ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og framtíðarskuldbindingar.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og kirkjugarðs og varamanna þeirra til árs í senn.
6. Önnur mál.

Sjá nánar www.selfosskirkja.is

Fjarnám – við erum tilbúin, hvar eruð þið?

Árið er 2026 og enn erum við að ræða aðgengi að háskólanámi á landsbyggðinni. Á Suðurlandi býr fjölbreyttur hópur fólks með metnað, hæfileika og vilja til náms, en of oft standa landfræðilegar hindranir í vegi fyrir því að fólk geti sótt sér háskólamenntun í staðnámi. Þetta vitum við og því hafa sveitarfélög og þekkingarsetur sett mikinn metnað í að byggja upp innviði sem taka við nemendum í fjarnámi, halda utan um prófapjónustu og skapa rými fyrir samfélag nemenda. Engu að síður erum við enn að berjast við það að framboð á fjarnámi er af skornum skammti og því minni líkur á að sá fjölbreytti hópur sem býr á landsbyggðinni hafi hvatann til þess fara í nám enda beinist hugur landsbyggðarfólks ekki eingöngu að hjúkrum og kennaramenntun þó vissulega sé mikil þörf á vel menntuðu starfsfólki í þeim greinum en einnig á fjölmörgum öðrum sérsviðum háskólasamfélagsins. Suðurlandið, líkt og aðrir landshlutar hafa lengi kallað eftir því að fjarnám við Háskóla Íslands verði aukið og í raun ætti það að vera regla frekar en undantekning að bóknað sé í boði sem fjarnám svo tryggja megi jafnræði til náms, atvinnu og samfélagslegrar þátttöku óháð búsetu.

Líkt og fjarvinna hefur fjarnám þegar sannað gildi sitt, ekki síst á landsbyggðinni. Með öflugum stafrænum lausnum og sterkum innviðum er hægt að stunda krefjandi háskólanám óháð búsetu. Á meðan tæknin

D

Brynhildur Jónsdóttir
Bæjarfulltrúi í Árborg

KOSNINGAR 2026



X

Sandra Sigurðardóttir
Forseti bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar

KOSNINGAR 2026



leyfir okkur að starfa hvar sem er í heiminum, virðast margir íslenskir háskólar enn fastir í að menntun eigi aðeins heima innan veggja háskólasvæðanna.

Það lýsir sér meðal annars því að framboð háskólanáms í fjarnámi er enn of takmarkað og aðgengi að námsþjónustu og námsráðgjöf háskólanna nær engan veginn nægilega vel til nemenda utan höfuðborgarsvæðisins.

Nauðsynlegt er að hefja markvisst samtal og samstarf við Háskóla Íslands, sem og aðra háskóla landsins um aukið framboð á fjarnámi. Slíkt samstarf þarf að snúast ekki aðeins um kennslu, heldur einnig um jafnt aðgengi að stuðningsþjónustu, svo sem námsráðgjöf en þar væri vel hægt að nýta þá innviði sem eru nú þegar á svæðunum, með þjónustusamningum enda allir sammála um að slík þjónusta ætti ekki að einskorðast við þá sem stunda staðnám.

Háskólar landsins geta ekki lengur skýlt sér á bak við skort á aðstöðu, því líkt og áður var getið höfum við á Suðurlandi nú þegar byggt upp miðstöðvar þekkingar sem eru tilbúnar í slaginn. Dæmi um slíkar miðstöðvar eru hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja, Nýheimum á

Höfn og Háskólafélagi Suðurlands sem sýnir að innviðirnir og metnaðurinn eru til staðar í okkar sveitarfélögum. Það eina sem vantar er að háskólasamfélagið og stofnanir þeirra sýni sama metnað og stígi inn í verkefnið með okkur. Með því er ekki aðeins verið að styðja einstaklinga til náms, heldur einnig að fjárfesta í mannauði svæðisins til framtíðar.

Aukið fjarnám og betri samvinna um stuðning fyrir háskólanema styrkir byggðir, dregur úr brottflutningi ungs fólks og eykur möguleika íbúa til að sameina nám, fjölskyldulíf og atvinnu. Fyrir Suðurland, sem býr yfir sterkum samfélögum og fjölbreyttu atvinnulífi, er þetta lykilatriði í sjálfbærri þróun.

Menntun er ein öflugasta byggðastefna sem til er. Með sameiginlegu átaki ríkis, háskóla og sveitarfélaga getum við tryggt að Suðurland og landsbyggðin öll, sé svæði tækifæra – ekki aðeins fyrir þá sem flytja burt, heldur einnig fyrir þá sem kjósa að búa, starfa og mennta sig heima.

Greinarhöfundar eru stjórnarmenn í Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og formenn samfélagsnefndar SASS.

Hr. Eydís heiðrar 75 ára afmæli Phil Collins

Sunnlenska hljómsveitin Hr. Eydís hefur gefið út nýja ábreiðu á Youtube af einu þekktasta lagi Phil Collins, In The Air Tonight, í tilefni 75 ára afmæli tónlistarmannsins.

Lagið kom út í janúar árið 1981 og markaði upphaf sóloferils Collins eftir árin með Genesis. Þrátt fyrir að lagið hafi upphaflega verið talið of „einfalt“ af hljómsveitarfélögum hans, varð það eitt af stærstu og áhrifamestu lögum '80s tímabilsins. Collins hefur sjálfur lýst textanum sem tilfinningalegum spuna, saminn á erfiðum tíma í lífi hans í kjölfar skilnaðar. Útkoman varð lag sem sló rækilega í gegn, fór á topp vinsældalista víða um heim og festi Collins endanlega í sessi sem einn stærsti listamaður sinnar kynslóðar.

„Maður getur ekki annað en lofttromað trommubreikið þegar það kemur og vá hvað lagið er enn gott eftir 45 ár!“ segir Örlygur Smári, söngvari og gítarleikari Hr. Eydís.



Í dag, 45 árum síðar, lifir In The Air Tonight enn góðu lífi og er reglulega notað í kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og auglýsingum og trommubreikið fræga er orðið eitt þekktasta trommubreik poppsögunnar.

Hr. Eydís heiðrar 75 ára afmæli Phil Collins með þessari ábreiðu, áður en hljómsveitin gefur út nýtt frumsamið lag, MANIAC FOR LOVE, eftir viku.



Viltu vinna við reikningsskil og endurskoðun?

Við leitum að einstaklingum til að bættast í okkar hóp á Selfossi og í Vestmannaeyjum

Nánari upplýsingar á kpmg.is



RAFVERKTAKAR

Óskum eftir að ráða rafvirkja, nema og verkstjóra til starfa á nýrri starfsstöð okkar í Þorlákshöfn.

Tengill ehf.

Um áramót tók Tengill ehf. við starfsemi Rafvarar ehf. og í kjölfarið höfum við hafið uppbyggingu á öflugri og metnaðarfullri starfsstöð í Þorlákshöfn. Starfsstöðin er sú sjötta í röðinni sem Tengill opnar um land allt og er mikilvægur liður í áframhaldandi vexti fyrirtækisins á Suðurlandi. Við leitum að jákvæðum, ábyrgum og metnaðarfullum einstaklingum sem vilja taka þátt í að byggja upp sterkt teymi og spennandi starfsemi til framtíðar. Hvetjum öll áhugasöm til að sækja um, óháð kyni.

Umsóknir og nánari upplýsingar sendist á:

gisli@tengillehf.is eða runark@tengillehf.is

Að lokum viljum við færa Hermann og Smára okkar bestu þakkir fyrir farsælt samstarf og viðskipti á liðnu ári og óskum þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Strandarkirkja í Selvogi

Boðað er til aukaaðalsafnaðarfundar Strandarkirkju föstudaginn 6. febrúar 2026 kl. 11:00. Fundurinn verður haldinn í Götú.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

- Tillaga um að fundurinn heimili sölu jarðarinnar Stafnshóls, L146588, og að umboð verði veitt til að ganga frá sölnunni.
- Önnur mál, löglega fram borin.

Sóknarnefnd Strandarkirkju

strandarkirkja.is og Strandarkirkja á Facebook.com



Jöfn tækifæri barna innan sama sveitarfélags?

Í sveitarfélaginu Árborg búa börn og unglingar við verulega ólíkar aðstæður þegar kemur að íþrótt- og tómstundastarfi – allt eftir því hvar þau eiga heima. Þessi munur er ekki fræðilegur né tilviljanakenndur; hann er raunverulegur, daglegur og hefur bein áhrif á líf barna og fjölskyldna þeirra.

Þegar börnar eru saman aðstæður barna á Selfoss annars vegar og barna á Eyrarbakka og Stokkseyri hins vegar blasir aðstöðumunurinn skýrt við.

Á Selfossi hefur verið komið á fót frístundabíl sem flytur börn á milli skóla og íþrótt- og tómstunda yfir daginn. Þetta kerfi léttir verulega álagi af fjölskyldum, gerir börnum kleift að stunda íþróttir og tómstundir af reglusemi og tryggir að þátttaka ræðst síður af aðstæðum foreldra.

Á Eyrarbakka og Stokkseyri er staðan allt önnur. Þar er vísað í strætósamgöngur sem lausn, en í raun lýsa foreldrar því að þær séu illa samhæfðar æfinga-

tímum, ófyrirsjáanlegar og vart nýtanlegar fyrir börn. Ítrekað kemur fram að börn þurfi annaðhvort að bíða lengi, sleppa æfingum eða treysta alfarið á akstur foreldra.

Kerfi sem útilokar – ekki af ásetningi, heldur af afskiptaleysi

Í umræðum foreldra hefur ítrekað komið fram að þessi staða setji fjölskyldur í ómögulega stöðu. Foreldrar lýsa því hvernig vikan snýst um akstur, skipulag og förnir – og að þegar það gengur ekki upp, þá eru það börnin sem sitja eftir.

Sum börn hætta í íþróttum. Önnur fá aldrei tækifæri til að byrja. Ekki vegna áhugaleysis, heldur vegna þess að kerfið gerir ráð fyrir því að foreldrar séu alltaf tiltækir, með bíl og sveigjanlegan vinnutíma. Þannig verður búseta innan sama sveitarfélags að úrslitapætti í því hvort barn fær að taka þátt eða ekki.

Þetta er ekki spurning um lúxus eða sérkröfur. Þetta snýst um jafnræði barna til þátttöku í samfélaginu, hreyfingar, félagslegra tengsla og heilbrigðs uppvaxtar.

Hvar er jafnræðið í verki?

Eftir sveitarstjórnarkosningarnar vorið 2022 var D-listi Sjálfstæðisflokkurinn með hreinan meirihluta. Síðar breyttist skipulagið og Á-listi kom inn í meirihluta í bæjarstjórn Árborgar fyrir kjörtímabilið 2022–2026. Sá meirihluti hefur haft bæði

Sædis Ósk
Harðardóttir

Foreldri ungmennta
á Eyrarbakka



vald og tækifæri til að jafna aðstöðumun milli byggðarkjarna.

Þrátt fyrir yfirlýsingar um jafnræði og barna- og fjölskylduvænt sveitarfélag, endurspeglast þau markmið ekki í samgöngu- og frístundakerfi fyrir börn utan Selfoss. Þar virðist lausnin enn vera sú sama: að foreldrar „reddi þessu“.

En þegar foreldrar geta það ekki – hvað þá?

Sameiginleg ábyrgð, en pólitísk ákvörðun

Ef Árborg ætlar að standa undir nafni sem eitt sveitarfélag, fjölskylduvænt sveitarfélag, þarf þjónustan að ná til allra barna, ekki aðeins þeirra sem búa þar sem aðstaðan er mest. Lausnir eru til staðar: frístundabíll sem þjónar fleiri byggðarkjörnum, betri samhæfing samgangna við æfingatíma eða markvissar sérlausnir fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri.

Það sem hefur skort hingað til er ekki þekking á vandanum – heldur **forgangsroðun**.

Spurningin er því ekki hvort hægt sé að bæta stöðuna, heldur hvort vilji sé til þess.

Ætlar Árborg að vera eitt sveitarfélag í orði – eða líka í verki?

huemeno[®] me



Parmaflóran er ósýnilegur áhrifavaldur í lífi okkar
- einnig á **breytingaskeiðinu**

huemeno[®] Me var þróuð til að styðja við **grunnþætti heilsunnar** – með fáum, völdum innihaldsefnum sem vinna saman á öflugan hátt. **huemeno[®] Me** er stoð sem byggir grunn að **betri heilsu, orku og vellíðan** til framtíðar.

Það er yfirlýst stefna huemeno[®] að vekja athygli á og auka umræðu um breytingaskeiðið, þess vegna bera vörurnar okkar MTick[®] tákníð til marks um að þær henti konum á árunum í kringum þetta mikilvæga tímabil í lífinu.

huemeno[®] hentar þó öllum, konum jafnt sem karlmönnum, enda innihalda þær hvorki hormóna né hormónalík efni, svo sem plöntuhormóna (e. phytoestrogens) eða jurtaútdrætti sem líkja eftir áhrifum estrógens eða annarra hormóna. Þær henta því bæði sem sjálfstæður stuðningur og sem hluti af breiðari nálgun samhliða hormónauppbót, eða öðrum úrræðum, allt eftir því sem hver kona kys.



huemeno.is

“Ég finn svo vel hvað **huemeno[®] Me** gerir mér gott. **Meltingin verður betri og léttari, orkan jafnari og mér líður allri betur**”.

Þorbjörg Hafsteinsdóttir
-fyrir huemeno[®]

FÆST Í APÓTEKUM

Ellý gefur kost á sér

Frá árinu 2022 hef ég gegnt starfi bæjarfulltrúa og á þeim tíma öðlast mikla og dýrmæta reynslu. Starfið hefur verið lærðómsríkt og kennt mér mikilvægi samvinnu, opins samtals og lausnamiðaðra vinnubragða í þágu íbúanna. Ég trúi því að sterk samvinna og traust samskipti séu lykillinn að farsælli uppbyggingu og vil leggja áherslu á málefnaleg og uppbyggileg störf.

Ég hef búið í Árborg frá sumrinu 2014 og þekki því vel hvernig það er að koma ný inn í samfélag með lítið bakland og tengslanet. Á þeim tíma hefur Árborg vaxið og þróast gríðarlega og orðið að okkar heimili.

Öll börnin mín hafa verið í leik- og grunnskóla í Árborg og í dag á ég tvö börn í grunnskóla og eitt í framhaldsskóla. Þessi reynsla hefur veitt mér sterka tengingu við skóla-, íþrótt- og tómstundastarf í sveitarfélaginu. Ég hef séð hversu mikilvægt og öflugt þetta starf er fyrir börn, ungmenntu og fjölskyldur og hversu stóru hlutverki það gegnir í daglegu lífi samfélagsins. Ég vil leggja mitt af mörkum til að styðja við og efla þetta mikilvæga starf.

Ég brenn fyrir málefnum



Ellý Tómasdóttir

Bæjarfulltrúi
Framsóknar í Árborg

KOSNINGAR 2026



íbúanna og hef einlægan vilja til að leggja mitt á vogarskálarnar til að gera samfélagið okkar enn betra. Ég hef því ákveðið að gefa kost á mér í prófkjöri Framsóknarfélags Árborgar og sækist eftir 2. sæti á lista Framsóknar fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Með því að gefa kost á mér að nýju vil ég halda áfram að vinna að öflugum og traustum sveitarfélagi þar sem tekið er vel utan um fólk á öllum stigum lífsins.

Rafrænt prófkjör fer fram um efstu sæti á lista Framsóknar í Árborg. Til að geta tekið þátt þarf að vera skráður í flokkinn, en slík skráning felur ekki í sér neina bindingu. Ég hvet þá sem vilja styðja mig til að skrá sig í Framsókn á heimasíðu flokksins: <https://framsokn.is/ganga-i-flokkinn/>

Ég óska eftir þínum stuðningi í baráttunni framundan og hlakka til áframhaldandi samtals og samvinnu á komandi misserum.

Jafningjastuðningshópur fyrir aðstandendur

Krabbameinsfélag Árnassýslu hefur síðustu ár lagt áherslu á þjónustu í heimabyggð og stjórn félagsins lagt sig fram við að mæta þörfum krabbameinsgreindra einstaklinga og fjölskyldna þeirra eftir bestu getu.

Frá febrúar 2026 mun félagið bjóða upp á jafningjastuðningshóp fyrir aðstandendur krabbameinsgreindra og mun hópurinn hittast fyrsta þriðjudag hvers

mánaðar kl.17:30 í húsnæði félagsins að Eyravegi 31.

Um tilraunaverkefni er að ræða og mun Svanhildur Ólafsdóttir, félagsráðgjafi-og fjölskyldufræðingur leiða hópinn fyrst um sinn.

Markmið með jafningjastuðningshópnum er að skapa vettvang fyrir maka og/eða fullorðna aðstandendur, til að ræða saman á tilfinningalegum nótum og þiggja stuðning hvert hjá öðru.

Er það von okkar í Krabbameinsfélagi Árnassýslu að með tilkomu hópsins sé aðstandendum mætt, til að ræða sína upplifun og líðan meðal jafningja.

Hlökkum til að hitta ykkur þriðjudaginn 3.febrúar kl.17:30, Eyravegi 31 á Selfossi.

Fyrir frekari upplýsingar má hafa samband við félagið á netfangið arnessysla@krabb.is eða í síma 482 1022.



Auglýsing um skipulag

Eftirtalдар skipulagstillögur eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

Bolaölduvirkjun - Iðnaðarsvæði við Fjallið eina - Aðalskipulagsbreyting

Lögð er fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ölfuss. Breytingin felur í sér að útbúið verði nýtt iðnaðarsvæði 125 þar sem ráðgert er að setja upp jarðvarmavirkjun.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 27. nóvember 2025.

Hafnarsvæði H4 - Breyting á aðalskipulagi

Lagt er fram erindi vegna endurafgreiðslu aðalskipulagsbreytingar sem snýr að nýju hafnarsvæði H4 í hafnarstæðinu Keflavík, austan Þorlákshafnar. Breytingin var áður samþykkt til auglýsingar af hálfu skipulags- og umhverfisnefndar og bæjarstjórnar, í tengslum við fyrirhugaða mólunarverksmiðju Heidelberg Pozzolan Materials. Þá var samþykkt bæjarstjórnar skilyrt við jákvæða niðurstöðu í íbúakosningu um þá starfsemi. Þar sem nú liggur fyrir að ekki verður af mólunarverksmiðjunni, og aðalskipulagsbreytingin snýr eingöngu að tilkomu nýs hafnarsvæðis, er málið lagt fram að nýju án tengingar við umrædda verksmiðju.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 28. ágúst 2025.

Grásteinn - Stækkun íbúðasvæðis - óveruleg breyting á Aðalskipulagi

Lögð er fram óveruleg breyting á aðalskipulagi Ölfuss er snýr að Grásteini. Í breytingunni felst stækkun landnotkunarreitsins ÍB20 um 8.514 m². Þá er gerð uppfærsla á töflu 16 þar sem heildarfjöldi íbúða er tiltekinn 35 í stað 25.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 29. janúar 2026.

Grásteinn - Fjölgun íbúðalóða- breyting á deiliskipulagi

Lögð er fram deiliskipulagsbreyting á landi Grásteins. Í breytingunni felst að skipulagssvæðið er stækkað í átt að Varmá og 12 íbúðalóðum bætt við svæðið.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 29. janúar 2026.

Þorlákshafnarvegur - Nýtt deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag fyrir Þorlákshafnarveg milli Hveragerðis og gatnamóta Þrengslavegs. Í skipulaginu felst að fækka þarf vegtengingum á veginum og leggja hliðarvegi þar sem það á við. Í skipulaginu er einnig gert ráð fyrir að lagður sé göngu/hjólástígur norðan megin við veginn.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 29. janúar 2026.

Kirkjuferja - fjórar nýjar íbúðalóðir - Nýtt deiliskipulag

Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir Kirkjuferju. Skipulagið felur í sér að stofnaðar eru fjórar 1 ha. íbúðalóðir.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 11. desember 2025.

Hafnarsvæði H1 - Nýtt deiliskipulag

Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir Hafnarsvæði H1. Í skipulaginu er gert ráð fyrir allt að 23 lóðum fyrir hafnsækna starfsemi.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 11. desember 2025

Gerðakot frístundahús - Nýtt deiliskipulag

Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina Gerðakot (landnr. 173435). Tillagan tekur til einnar lóðar sem skráð er 5.050 m² að stærð, skv. HMS. Lóðin er ætluð fyrir frístundahús, gestahús og geymslu/gróðurhús.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 11. desember 2025

Kirkjuferjuháleiga - Tvær íbúðalóðir - Nýtt deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag fyrir tvær lóðir í landi Kirkjuferjuháleigu. Deiliskipulagið tekur til fyrirhugaðar uppbyggingar á rúmlega 5,3 ha landspildu á jörðinni Kirkjuferjuháleigu (L171749) í sveitarfélaginu Ölfus. Stofnaðar eru tvær lóðir á landbúnaðarlandi þar sem heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 11. desember 2025

Framkvæmdaleyfi - Tvær rannsóknarborholur í Hverahlíð

Sótt er um framkvæmdaleyfi til borunar tveggja rannsóknarborhola í Hverahlíð og lagningu slóða að þeim. Afgreiðsla skipulags- og umhverfisnefndar: Framkvæmdaleyfi veitt. Slóðar sem verða til við rannsóknar- eða vinnsluboranir skulu opnir almenningi að rannsóknarborun lokinni.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 11. desember 2025

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgáttinni á www.skipulagsgatt.is til og með **16.3.2026**. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í leitarreitinn.

Á Skipulagsgáttinni er hægt að:

- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn

Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær viðkomandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á skipulag@olfus.is eða hafa samband við bæjarskrifstofuna í síma 480 3800.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Sviðsstjóri
Skipulags- og lögfræðisvið

Vakin er athygli á að samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/2020 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2010, má kæra ákvarðanir sveitarstjórnar um samþykkt aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulagsáætlana til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um kærufrest fer samkvæmt 3. mgr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um fjögurra vikna kærufrest frá birtingu ákvörðunar í B-deild Stjórnartíðinda.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, er sjálfstætt kærnaleyfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur vegna slíkrar ákvörðunar er einn mánuður, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Um meðferð kærumála gilda ákvæði laga nr. 130/2011, reglugerðar nr. 1300/2011 um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, auk ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum um kæruheimild, sbr. 26. gr., andmælarétt, sbr. 13. gr., og rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga.

Kæru skal beint til úrskurðarnefndarinnar að Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti í gegnum kærugátt Stjórnarráðs Íslands á www.stjornarradid.is

Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

Eva María með sigur á PSU National Open

Eva María Baldursdóttir sem keppir fyrir Pittsburgh sigraði í hástökki á PSU National Open þegar hún vipaði sér yfir 1,79 m. Eva María var örugg í öllum sínum tilraunum og uppskar sigur að lokum eftir harða keppni. Umstökk þurfti til að skera út um sigurvegara hástöckskeppninnar. Frábær byrjun á keppnistímabilinu hjá Evu Maríu en á árinu 2025 bætti hún sinn persónulega árangur þegar hún stökk 1,84 m. HSK



271 HSK-met í frjálsíþróttum sett á síðasta ári



Mynd: Aðsend.

Líkt og undanfarin ár voru metaskrár HSK í frjálsíþróttum uppfærðar í öllum flokkum frá 11 ára aldri, bæði innan- og utanhúss.

271 HSK-met voru sett á síðasta ári, 107 met voru sett innanhúss og 164 utanhúss. Metin hafa líklega aldrei verið fleiri á einu almanaksári, en til samanburðar voru 220 HSK-met sett árið 2024 og 157 árið 2023.

Keppendur 11 – 22 ára settu 104 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu fjögur met, keppendur í flokkum 30 ára og eldri settu 150 met og keppendur í fötlunarflokkum settu 13 met. 57 þessara meta eru einnig landsmet í viðkomandi flokki.

Anna Metta Óskarsdóttir, keppandi Selfoss í 15 ára flokki,

setti flest met í yngri aldursflokkum og upp í fullorðinsflokk, en hún setti 32 HSK-met á árinu í fjórum flokkum og voru fjögur þeirra jafnframt Íslandsmet, þrjú í þristökki og eitt í fimmfarbraut. HSK-metin sem hún setti voru auk þess í langstökki, stangarstökki, 100 m hlaupi, 4x200 m boðhlaupi og 5 mílna Bláskógaskokki.

Kristján Kári Ólafsson keppandi Selfoss í 16-17 ára flokki setti samtals 27 HSK-met í þremur aldursflokkum. Flest met hans voru í sleggjukasti, en einnig í lóðkasti og kastbraut. Næst kom svo Andri Már Óskarsson, 12 ára keppandi úr Umf. Selfoss og bróðir Önnu Mettu. Hann setti samtals 12 HSK-met í sjö aldursflokkum í 1.000 m

hlaupi, 2.000 m hlaupi, 5 km götuhlaupi og 10 mílna Bláskógaskokki.

Í aldursflokkum 30 ára og eldri setti Páll Jökull Pétursson keppandi Selfoss samtals 54 HSK-met í flokki 65-69 ára í fjölmörgum greinum bæði innan- og utanhúss og tvö þeirra eru einnig landsmet. Árný Heiðarsdóttir keppandi Selfoss setti 23 HSK-met á árinu og öll þau met voru jafnframt landsmet. Fyrri hluta árs keppti hún í flokki 65 – 69 ára, en hún varð sjötug í apríl og keppti í sumar í flokki 70-74 ára.

Ög feðgar komast á listann yfir þá sem settu flest met í fyrra, en Ólafur Guðmundsson Selfossi og faðir Kristjáns Kára setti 22 HSK-met á árinu í flokki 55-59 ára.

Í flokkum fatlaðra setti Sigurjón Aegir Ólafsson úr Suðra 11 HSK-met og öll þeirra voru einnig landsmet. Hrólfur Geir Björgvinsson einnig úr Suðra setti tvö HSK-met.

HSK-metaskrár, þar sem einnig má sjá yfirlit allra HSK-meta sem sett voru á síðasta ári, má nálgast á vef HSK, www.hsk.is. HSK

MÍ 11-14 haldið um helgina

Íðkendur Frjálsíþróttadeildar Selfoss fjölmenntu um helgina á MÍ 11-14 ára. Mótið var haldið í Laugardalshöll helgina 31.janúar – 1.febrúar. Lið HSK/Selfoss lenti í 2 sæti í heildarstigakeppninni með 511 stig. Keppendur sem lenda í 10 efstu sætum í hverri grein ná í stig fyrir sitt félag. Lið Ármanns sigrði með 796,5 stig. 11 ára stúlkur urðu Íslandsmeistarar í sínum flokki og það urðu 12 ára stúlkur einnig. 11 ára piltar og 13 ára stúlkur urðu í öðru sæti í sínum flokkum og 14 ára piltar urðu í þriðja sæti í sínum flokki.



Ingibjörg Lára Rúnarsdóttir varð tvöfaldur Íslandsmeistari.

3,65m og í kúluvarpi er hún varpaði kúlunni 7,28 m. Írena Dröfn Arnardóttir náði 7. sæti í fjölþrautinni. Hún vann til bronsverðlauna í kúluvarpi með 7,13 m löngu kasti auk þess sem hún vann til bronsverðlauna í 4x200 m boðhlaupi með blönduðu liði HSK/Selfoss. Grímur Örn Ægisson varð í 9. sæti í fjölþrautinni. Hann vann einnig til bronsverðlauna í kúluvarpi er hann varpaði kúlunni 7,76 m.

11 ára flokkur

Ingibjörg Lára Rúnarsdóttir vann til silfurverðlauna í fjölþrautinni. Hún varð Íslandsmeistari í 400 m hlaupi á tímanum 1:14,62 mín og einnig í 4x200 m boðhlaupi með blönduðu liði HSK/Selfoss. Hún vann auk þess til bronsverðlauna í 60 m hlaupi á tímanum 9,57 sek. Helga Þórbjörg Birgisdóttir varð í fjórða sæti í fjölþrautinni. Hún varð Íslandsmeistari í 4x200m boðhlaupi með blönduðu liði HSK/Selfoss auk þess sem hún vann til silfurverðlauna bæði í langstökki er hún stökk

13 ára flokkur

Hilmar Dreki Guðmundsson vann bronsverðlaun í kúluvarpi er hann þeytti kúlunni 8,73 m og Bjarke Sigurðardóttir vann til silfurverðlauna í 4x200 m boðhlaupi í stúlkna-flokki með liði HSK/Selfoss.



11 ára stelpur HSK/Selfoss sigruðu 11 ára flokkinn.



11 ára strákar urðu í öðru sæti í sínum flokki.



Stefna Kjörísbikarnum aftur heim

KA og Hamar áttust við í tveimur blakleikjum um helgina í Hveragerði. KA-menn heimsóttu Hamar á laugardagskvöld þar sem liðin áttust við í 8-liða úrslitum Kjörísbikarsins. Hamarsmenn mættu þar mun betur stemmdir til leiks og unnu leikinn örugglega 3-0

og tryggðu sér þar með sæti í úrslitahelgi Kjörísbikarsins.

Hamarsmenn eiga því möguleika á að vinna Kjörísbikarinn aftur heim eftir vonbrigðin í fyrra þegar liðið datt út í 8 liða úrslitum. Á sunnudag áttust liðin svo aftur við í Unbrokendeildinni. Þar voru KA-menn

sprækari en kvöldið áður. Það dugði þó ekki til og fór svo að lokum að Hamarsmenn unnu leikinn 3-1, eftir nokkrar spennandi hrínur. Hamarsmenn eru því sem fyrr á toppi deildarinnar með 38 stig eftir 16 leiki. KA-menn eru áfram í fjórða sæti með 33 stig en eiga leik til góða.

Styrktarsýning Hinriks Sjørup



Sunnudaginn 1. febrúar stóðu listamenn úr Myndlistarfélagi Árnassýslu saman að afar vel heppnaðri styrktarsýningu til stuðnings Hinriki Sjørup og fjölskyldu hans.

Hinrik er 10 ára drengur frá Selfossi sem glímir við blóðkrabbamein. Hinrik er nú staddur í Svíþjóð með foreldrum sínum í áframhaldandi meðferð, þar á meðal undirbúningi fyrir beinmerggsskipti.

„Dagurinn fór fram úr björtustu vonum, hátt í 400 gestir lögðu leið sína á vinnustofu félagsins og yfir 100 listaverk seldust,“ segir Berglind Björgvinsdóttir, formaður Myndlistarfélags Árnassýslu, í samtali við Dagskrána. Á viðburðinum söfnuðust yfir 2 milljónir króna sem renna óskertar til fjölskyldunnar.

Félagsmenn sem störfuðu á staðnum tóku á móti gestum,

aðstoðuðu við kaup málverka og greiðslur og með þeim hætti náðum við að halda utan um söluuna. Á sama tíma og fólk gekk frá kaupum á staðnum streymdu pantanir inn í gegnum heimasíðu félagsins. Félagsmenn á staðnum hlupu á milli, merktu verk með rauðum doppum um leið og þau seldust og héldu utan um flæðið af fagmennsku og hlýju. Sérstakar þakkir fá þau fyrir sína vinnu.

Nær öll verkin kláruðust og þegar fór að gisna á veggjunum brugðust listamenn við, sóttu fleiri verk og fylltu í rýmin og þau verk seldust einnig. „Andrúmsloftið var einstakt og samstaðan áþreifanleg. Ég sem formaður er svo stolt af öllum þeim félagsmönnum sem gáfu verk og hjálpuðu til,“ segir Berglind.

Amma Charlotte og afarnir hans Hinriks, þeir Eiríkur og Ólafur, mættu ásamt systkinum hans Lenu Sif og Elímar Sjørup. Bekkjasystkini Hinriks úr Vallaskóla mættu einnig og tóku vaktir til að selja verk sem þau höfðu gert sjálf til styrktar Hinriks bekkjarbróður sínum. „Þau fengu að upplifa þetta fallega framtak af eigin raun, sem gerði daginn enn merkingaríkari

fyrir alla viðstadda og okkur félaginu þótti mjög vænt um að fá þau og allt fólkið í kringum Hinrik Sjørup.“

Sérstakar þakkir fær Grétar Matt sem lék ljúfa tóna fyrir gesti og skapaði dýrmætt andrúmsloft. Hann söng og spilaði allan tímann fyrir utan stutt stopp á meðan handboltaleikurinn var, einungis til að borða smá veitingar sem félagið var með fyrir þá sem voru að hjálpa til á þessum fallega viðburði.

Hann Grétar lagði einnig sitt af mörkum með því að gefa fimm vínýlplötur af nýrri plötu, Unbreakable, og rann allur ágóðinn óskertur til Hinriks og fjölskyldu. Titillagið, Unbreakable, samdi hann til heiðurs systur sinnar í baráttu við krabbamein, og átti lagið djúpa samleið með deginum. Skilaboðin voru skýr: Hinrik er óbrjótandi, unbreakable. Hann mun sigra þessa baráttu.

„Við fengum símtal frá Hin-

riki sjálfum og tók Grétar Matt lagið það geta ekki allir verið gordjöss fyrir hann og hvatti hann í sinni baráttu,“ Berglind segir að margir hafi tárast á því augnabliki.

„Myndlistarfélag Árnassýslu þakkar af heilum hug öllum sem komu, studdu og tóku þátt, gestum, listafólkinu sem gaf verkin sín og sjálfbóðaliðum sem héldu utan um daginn. Framlagið skiptir sköpum og félagið er stolt af þeirri samstöðu sem samfélagið sýndi.“

Enn eru nokkur verk til sölu á heimasíðu félagsins fyrir þá sem vilja leggja sitt af mörkum, það verður út vikuna inni á www.myndlistin.is

Þeir sem vilja styrkja beint er bent á að leggja inn á reikning móður Hinriks:

Reikningsnúmer:
0325-26-9092
Kennitala:
160692-2789



Ljóð vikunnar

ÁSTIN Á TÍMUM ÚTGÖNGUBANNS

I
Ég legg höndina
á þögn
líkama þíns.

Ég kyssi hausbirtuna
á öxl þinni.

Í þér mun ég deyja
og aldrei deyja.

Aldrei sjá endalokin
aldrei þá stund
þegar árin þagna.

Antoon Van den Braembussche, Belgíu

Þór Stefánsson þýddi eftir enskri þýðingu Dicks van Spronsen Úr: “De schaduw van Morandi” (The shadow of Morandi) Uitgeverij P, 2022).
Málverk eftir Everlyn Nicodemus, “Silent Strength“

Fornminjar á Njáluslóð



Mynd frá kynningarfundinum á Hvollsvelli.
Mynd: Aðsend.

Árni Einarsson líf- og fornvistfræðingur hefur um þriggja áratuga skeið fengist við myndatökur af fornminjum víða á landinu. Undanfarin ár hefur hann einbeitt sér að Rangárvallasýslu og telur að þar séu minjar frá Víkingaöld sem séu á heimsmaelikvarða. Þar megi sjá heilu bæina, með fjölmörgum stórum húsa-tóftum, kornökum, sem sumir byggðu á verkfræðilega flókinni áveitu og enn fremur merki um umfangsmikla nautgripærækt.

Þann 15. janúar sl. flutti Árni erindi fyrir heimamenn um þessa vinnu sína í Félagsheimilinu á Hvollsvelli og nefndi Fornminjar á Njáluslóð.

Gæfumunur að skoða svæðin úr lofti

Þótt ýmislegt hafi verið vitað áður um minjar á svæðinu segir Árni það alls ekki hafa verið allt og mjög mikið mismikið vitað.

„Akarnir til dæmis voru alveg óþekktir. Það sem gerir gæfumuninn er að skoða svæðin úr lofti, með dróna í þessu tilviki, í björtu veðri og að sólin sé lágt á lofti. Þá lifnar landið við og maður sér alls konar mynstur í mólendinu sem annars er ekki hægt að koma auga á,“ segir Árni.

Árni segir suma bæina hafa verið óþekkta, til dæmis á Árbakka, Árbæjarselli og hjá Gíslholti. Vitað var um áveituna, sem er á Keldum, en Árni telur að aðeins ein nútímamanneskja hafi áður gert sér grein fyrir umfangi hennar og því verkfræðiuðri sem hún er.

„Ég kíknaði í hnjónum þegar ég á áveituna fyrst á drónaskjánum, hún er svo margbrotin, vel varðveitt og bara mögnuð. Það var ekkert sem hafði undirbúið mig fyrir að sjá þetta. Það tók mig líka langan tíma að meðtaka fornaldar-akrana.“

Plógförin sjást greinilega en Árni segist lengi vel ekki hafa verið viss nema þau væru eftir einhverja nútíma jarðvinnu. En svo reyndist ekki. Það eru ýmis örnefni á Rangárvöllum og nágrenni sem benda til akuryrkju, eins og Akurgarðar, Kornbrekkur og Línakrar en á engum þeirra hefur Árni fundið óræk merki um hana. En á Skeiðvöllum, í Lúnansholti og Bergvaði (nú Móeiðarhvoli) blasa akur-rákirnar við, innan um aðrar mjög fornar búsetuminjar.

Söguöldin, hrein og klár

Árni tengir minjarnar við tíma Njálu. Það

er hægt að aldursgreina minjar með því að grafa lítinn skurð í forna torfgarða sem eru á svæðinu og greina öskulög úr þekktum, tímasettum eldgosum. Það hefur Árni gert með aðstoð fornleifa- og gjóskufraðinga og með leyfi frá landeigendum og Minjastofnun.

Minjarnar virðast almennt frá Þjóðveldisöld, frá því seint á 10. öld og eitt-hvað fram yfir 1150, þær yngstu.

„Þetta er Söguöldin, hrein og klár. Það er merkilegt að mjög lítið sést af minjum frá öldunum þar á eftir. Kannski hefur verið byggt ofan á þær flestar. Þetta á bæði við minjar í Rangárvallasýslu og Þingeyjarsýslunum, sem ég hef líka skoðað mikið.“

Árni finnst skemmtilegt að hugsa til þess að fólkið á þessum bæjum hefur sennilega þekkt vel. Besti vitnisburðurinn um það er þingstaðurinn á Þingskálum við Ytri-Rangá, sem er einnig vel varðveittur minjastaður, með fjölda búðatóta.

Aldursgreining á áveitunni, og þar með ökrunum á Keldum, gefur ca. árið 1000, þannig að Njáll, Flosi og Ingjaldur á Keldum eru ekki langt undan.

„Og auðséð verður hví Ingjaldur er í Njálu sagður hafa 30 heimamenn. Það þurfti heljarmannskap í áveituna.“

Mikil nautgripærækt

Árni segir að stórar hólfaskiptar torfgirðingar auk langhúsa af stærstu gerð, sem líklega eru fjós, bendi til mikillar nautgripæræktar. Eitthvað af þessu tagi er á allmörgum bæjum. Hann segir að sums staðar sjáist rétt aðeins móta fyrir þessum minjum í túninu heima við bæ.

„Málið er að akuryrkja verður tæpast stunduð án mykju til áburðar, svo að við sjáum fyrir okkur mikinn kúa- og nautabúskap í bland við kornyarkju á mörgum bæjum á Suðurlandi og áveitur þar sem aðstaður leyfðu. Sauðfé þurfti líka vegna ullarinnar. Þetta er önnur mynd en flestir hafa í kollinum býst ég við, þrátt fyrir að þetta sé ekki ólíkt því sem Íslendinga-sögurnar lýsa og gömlu lögbækurnar einnig.“

Minjar í hættu?

Árni segir að mólendi eigi undir högg að sækja. Nýlega voru opinberuð áform um virkjunarframkvæmdir á Keldum, einmitt þar sem áveituminjarnar eru. Þótt fornminjar séu sjálfriðaðar samkvæmt lögum segir Árni að slík vernd sé lítils virði ef vitneskja um minjarnar er takmörkuð.

Skógrækt, túnrækt og frístunda-byggðir hafa teygst sig inn á sum þeirra minjasvæða sem hvað merkust eru, þannig að það bráðliggur á að koma á einhvers konar svæðisvernd.

„Merkustu minjarnar í uppsveitunum eru allar á frekar takmörkuðu svæði þar sem eru bæirnir Gíslholt, Pula, Skeiðvellir, Lúnansholt, Árbakki og Bjalli. Á Rangárvöllum eru glæsilegustu minjarnar á Keldum og þaðan niður með Eystri-Rangá, á Völlum, Efrahvoli og Efrahvolshellum og svo Móeiðarhvoli. Svo eru mögnuð garðlög frá elstu tíð niðri í Landeyjunum, sérstaklega á Forsæti og Kálfsstöðum og enn fremur Línakrar í landi Bergþórshvols. Heima á Bergþórshvoli eru fornleg garðlög sem gætu vel verið frá tímum Njáls. Sem betur fer eru sveitarfélögin að láta kortleggja

minjar í Rangárvallasýslu. En tíminn er naumur því að nútíðin er ofurseld hraðfara breytingum,“ segir Árni.

Hvað næst, Árni?

„Myndatökum er að mestu lokið. Ég er að kynna niðurstöðurnar fyrir landeigendum víða. Svo er ég að vinna að bók um þessar minjar allar, bæði á Norður- og Suðurlandi, og reyndar um land allt. Fæstir vita af þessum minjum og ég held að með því að sýna þær breytist söguvitund margra að einhverju marki. Ég er líka, ásamt samstarfsfólki, að ljúka við ritgerð um Njáluslóðaminjarnar sem vonast er til að birtist í fagtímariti um fornleifafræði,“ segir Árni að loknu viðtali.



Árni Einarsson, líf- og fornvistfræðingur.
Mynd: Aðsend.



Forn torfgarður í land Efra-Hvols. Dæmi um afar vel varðveittan garð.



Mjög stór tóft í landi Skeiðvalla. Líklega er þetta fjóstóft og er 2ja hektara stór kornakur hjá. Sjá fólkið til samanburðar.



Akrar hjá Keldum. Þeir voru vökvaðir með flóknu áveitukerfi.

Ungmennahús opnar í Hveragerði

Það er mikið fagnaðarefni að þann 4. febrúar næstkomandi verður Ungmennahús opnað í fyrsta sinn í Hveragerði fyrir ungmenni á aldrinum 16-20 ára í Hveragerði. Opnun ungmennahúss í Hveragerði eykur við heilbriggt, faglegt og skapandi félagsumhverfi og eflir frístundastarf fyrir ungmenni til 20 ára aldurs og fellur vel að ríkri áherslu Okkar Hveragerðis á að tekið verði betur utan um ungmennin okkar.

Fyrsta ungmennahúss opnunin verður 4. febrúar nk. Húsið verður opið frá kl. 19:30 - 22:00 og öll ungmenni á aldrinum 16-20 ára sem hafa útskrifast úr grunnskóla eru hvött til að kíkja við og njóta þeirra gæða sem starfsemi Frístundamiðstöðvarinnar Bungubrekku býður upp á.

Það er ekki síður fagnaðarefni að öflugt ungmennaráð Hveragerðis stendur að opnuninni, með stuðningi og í samvinnu við frístundamiðstöðina Bungubrekku, þar sem nú sem áður er unnið afar mikilvægt starf fyrir börn og ungmenni bæjarfélagsins.

Metnaðarfullt starf Frístundamiðstöðvarinnar Bungubrekku

Hveragerðisbær statar af afar metnaðarfullu starfi Frístundamiðstöðvarinnar Bungubrekku. Innan Bungubrekku er starfrækt öflug félagsmiðstöð þar sem ungmenni á aldrinum 10-16 ára geta varið frítíma sínum án áfengis og vímuefna. Þar fer fram faglegt starf með áherslu á gildi forvarna, sköpunar og mismunandi tegunda náms. Félagsmiðstöðvar eru einkar mikilvægur stuðningur við ungmenni á þessum aldri og hafa það hlutverk að stuðla að jákvæðum þroska unglinga og gera þau sjálfstæðari, bæði í verki og félagslegum samskiptum og gera þau hæfari til að takast á við lífið.

Stofnun ungmennaráðs Hveragerðisbæjar

Á kjörtímabilinu var komið á fót virku ungmennaráði sem er bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í Hveragerði. Seta í ráðinu er launuð og frístundamiðstöðin Bungubrekka fer með stuðning og utanumhald ráðsins og er þeim til halds og trausts. Það er afar mikilvægt að unga fólkið okkar hafi tækifæri til að láta rödd sína heyrast um þau málefni sem þau varða, og hafi þannig möguleika á að hafa áhrif á þá þjónustu sem þeim er veitt og umhverfi sitt að öðru leyti. Hægt er að fylgjast með starfi ungmennaráðsins á Instagram síðu þeirra ungmennaráðs_hveragerdi og hvetjum við alla áhugasama til að fylgja þeim þar.



Ungmennahús fyrir ungmenni eldri en 16 ára

Engin félagsmiðstöð hefur verið starfrækt fyrir ungmenni eldri en 16 ára, þó að þörfin fyrir samþæfningu stuðning sé ekki síður mikilvægur á þeim mikilvægu mótunarárum þegar einstaklingar ganga í gegnum miklar breytingar með tilfærslum á milli skólastiga, oft breyttrar búsetu og umtalsverðra breytinga á félagslegu umhverfi. Í þessu ljósi hefur ákall verið um úrræði til að taka betur utan um ungmenni á aldrinum 16-20 ára. Það ákall var sérstaklega áréttað á fundi ungmennaráðs Hveragerðis nýverið þar sem ræddir voru möguleikar á opnun ungmennahúss á yfirstandandi vetri. Var þar ákveðið að halda opið ungmennahússkvöld í samráði við Bungubrekku. Í ljósi framangreinds hefur meirihluti bæjarstjórnar unnið að því að komið verði á fót ungmennahúsi fyrir einstaklinga á aldrinum 16-20 ára í Hveragerði þar sem hægt verði að veita áframhaldandi stuðning við ungmenni eftir 16 ára aldur og félagslegan vettvang fyrir samkomur og samveru ungmenna á þessum aldri. Okkar Hveragerði hefur lagt ríka áherslu á að slíkt ungmennahús verði opnað á yfirstandandi vetri í góðri samvinnu og samtali við Bungubrekku og ungmennaráð og verður það að veruleika með fyrstu Ungmennahússopnun Ungmennaráðs Hveragerðisbæjar þann 4. febrúar nk.

Fyrsta opnun Ungmennahússins er skýr birtingarmynd þess sem er mögulegt með því að skapaður sé vettvangur fyrir metnaðarfulla aðkomu unga fólksins okkar að málefnum bæjarins, og eins og sjá má er mikill fengur að þeirra framlagi. Það er afar gleðilegt að sjá hversu öflugt starf er nú farið af stað hjá nýju ungmennaráði Hveragerðisbæjar og það verður spennandi að vinna með þeim áfram að bættum hag barna og unglinga í bæjarfélaginu.

Hvetjum ungt fólk til þátttöku!

Nú sem áður leitar Okkar Hveragerði leiða til að styðja enn betur við barnafjölskyldur í Hveragerði og hvetjum ungmenni til að láta rödd sína heyrast áfram og taka þátt í samtali um leiðir til að skapa gæðaríkari þjónustu og umhverfi ungmenna í bæjarfélaginu. Við hlökkum áframhaldandi samtals og samvinnu og hlökkum til að sjá unga fólkið okkar valdeflast í sínu hlutverki!

Ætla þú að flytja, eða ætla þú að bjóða þig fram?

Ungar barnafjölskyldur í Árborg standa frammi fyrir miklum áskorunum í dagvistunarmálum. Ríkið hefur ákveðið að lengd fæðingarorlofs sé eitt ár og stjórnvöld hafa jafnframt tekið þá afstöðu að báðir foreldrar þurfi almennt að vera á vinnumarkaði til að reka eigið heimili. Sveitarfélögin eiga því að brúa bilið að loknu fæðingarorlofi, samhliða því að þrýsta á ríkisvaldið um lengingu fæðingarorlofs.

Leikskólamáli í lamasessi

Í sumar fórum við fjölskyldan af alvöru að kanna hvaða úrræði væru í boði hjá sveitarfélaginu Árborg að loknu fæðingarorlofi. Við vorum í þeirri stöðu að ljúka fæðingarorlofi í september 2025, ári eftir fæðingu frumburðar okkar. Við sóttum um leikskólapláss en fengum þær upplýsingar að við þyrftum að biðja fram á haustið 2026 eftir pláss í Árborg en leikskólar í sveitarfélaginu taka aðeins á móti nýjum börnum einu sinni á ári. Við þá ákveðnu inntöku verður sonur okkar orðinn 23 mánaða gamall.

Á svipuðum tíma og við fórum að huga að pláss í leikskóla kom einnig í ljós að við ættum von á öðru barni, í mars 2026, sem þýðir að annað fæðingarorlof tekur við.

Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði nema að hámarki 80% af meðallaunum, þar sem miðað er við heildarlaun síðustu 12 mánaða, sex mánuðum fyrir fæðingu. Fyrir þá sem voru í fæðingarorlofi á viðmiðunartímabilinu verður launaskerðingin því veruleg. Með annað barn á leiðinni og enn lægri orlofsgreiðslur en áður, varð ljóst að við þyrftum bæði að komast aftur út á vinnumarkað. Til þess var nauðsynlegt að finna lausn í dagvistunarmálum.

Slíkar lausnir eru hins vegar ekki til staðar í sveitarfélaginu. Fyrir utan leikskóla eru dagforeldrar starfandi í Árborg. Ekki er hlaupið að pláss hjá þeim og er kostnaðurinn töluvert hærri en leikskólagjöld.

Pungbær en óhjákvæmileg ákvörðun

Staðan hjá okkur var því annaðhvort að selja húsið og flytja í foreldrahús með bráðum tvö börn eða leita eftir dagvistunarþjónustu í öðru sveitarfélagi. Þetta er því miður nokkuð algengt. Við höfðum heyrt af mörgum íbúum Árborgar sem hafa neyðst til að flytja lögheimili sitt í annað sveitarfélag til að koma barni í dagvistun.

Þá komast báðir aðilar á vinnumarkað og geta staðið undir skuldbindingum sínum, rekið heimilið sitt í Árborg og greitt þar há fasteignagjöld.

Í okkar tilfelli leiddi þessi staða til þeirrar þungbæru ákvörðunar að skrá lögheimili móður og barns hjá foreldrum mínum og í kjölfarið fengum við leikskólapláss. Hún getur sinnt vinnu, greitt útsvar og leikskólagjöld þar.

Þetta er algjörlega óþægileg staða fyrir sveitarfélagið Árborg. Hún er jafnframt ósanngjörn gagnvart öðrum sveitarfélögum sem hafa byggt upp innviði sína og veita þessa þjónustu, en þurfa svo einnig að taka á móti íbúum sem í raun búa í Árborg. Þau fá vissulega útsvarið frá ungu og vinnandi fólki, en staðan í heild er engu að síður röng. Þetta er sambærileg staða og uppi er í Reykjavík gagnvart nágrannasveitarfélögum þar, ef ekki verri.

Við veltum því einnig fyrir okkur hvort eina raunhæfa lausnin fyrir ungt fólk í barn-eignum væri einfaldlega að flytja. Við skoðuðum bæði lóðir og íbúðir í nágrannasveitarfélögum, sem öll hafa fundið lausnir á dagvistunavandanum. Ég er hins vegar, í eðli mínu, mikill keppnismaður og hef bæði metnað og vilja til þess að bæta hlutina. Eftir margar samræður við fjölskyldu, vini og vandamenn, þar sem spurningar komu upp á borð við „ætla þú ekki bara að flytja?“ eða „verður þú ekki bara að bjóða þig fram og laga þetta?“, tók ég þá ákvörðun að sækjast eftir 1. sæti á lista Framsóknar í Árborg fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar og leiða vinnu að úrbótum.

Er tækifæri til að gera betur?

Ég fjallaði um málefni barnafjölskyldna í grein sem ég birti í haust. Bæjarstjóri svaraði með grein í kjölfarið þar sem hann fór yfir það sem hefði verið gert á kjörtímabilinu í málefnum barnafjölskyldna. Þar ber helst að nefna hækkun á niðurgreiðslu til foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra. Það er vel og mætti sú niðurgreiðsla vera enn hærri, enda ódýrari lausn fyrir sveitarfélagið en rekstur leikskóla.

Einnig taldi bæjarstjóri upp tækifæri til úrbóta og nefndi þar helst þátt ríkisins í þessum vanda og nauðsyn þess að lengja fæðingarorlof. Þá stendur einnig til að fjölga leikskólaplássum um fjörutíu á árinu, í takt við áherslur meiri-



hlutans um góða þjónustu við barnafjölskyldur.

Ég er einfaldlega ósammála núverandi meirihluta. Við erum ekki að gera nóg og íbúar eru ekki að finna fyrir breytingum þrátt fyrir þessar áherslur. Leikskólaplássum er ekki að fjölga nægilega til að mæta bæði biðlistum og fjölgun íbúa.

Nágrannasveitarfélög okkar bjóða upp á leikskólapláss frá 12 mánaða aldri eða heimgreiðslur fá barn ekki pláss á leikskóla. Sum sveitarfélög ganga enn lengra og gefa foreldrum val um hvort þeir vilji senda barn á leikskóla eða vera lengur heima með barninu og fá þá heimgreiðslur að loknu fæðingarorlofi. Þetta hefur verið til umræðu frá því snemma á kjörtímabilinu í Árborg, en ekkert hefur verið framkvæmt eða ákveðið í þeim efnum.

Þá eru hér einnig einstæðir foreldrar, foreldrar í námi og fleiri sem þurfa aðstoð sveitarfélagsins til að brúa þetta bil. Að fjárfesta í ungum fjölskyldum, einstæðum foreldrum og/ eða námsfólki mun margborga sig til lengri tíma.

Það sem ég tel vera áherslur um góða þjónustu við barnafjölskyldur er eftirfarandi: Í fyrsta lagi þarf að bjóða upp á heimgreiðslur. Nágrannasveitarfélögin greiða allt frá 110.000 kr. til 180.000 kr. Sveitarfélagið er nú þegar að niðurgreiða daggæslu hjá dagforeldrum fyrir svipaðar upphæðir, eða 92.301 kr. fyrir 18 mánaða og yngri og 124.200 kr. fyrir 18 mánaða og eldri. Þetta eru mun lægri upphæðir en þær sem sveitarfélagið þarf að greiða með börnum á leikskóla.

Á sama tíma þarf að ráðast í uppbyggingu leikskóla og beita öllum tiltækum leiðum til að láða fólk til starfa í leikskólum sveitarfélagsins. Það tekur tíma og því eru heimgreiðslur sú leið sem þarf að fara strax til að brúa bilið þar til sveitarfélagið nær að stytta biðlista eftir leikskólaplássi.

Við erum að missa ungt fjölskyldufólk til annarra sveitarfélaga, við erum að verða af útsvarstekjum og við erum ekki að standa okkur í þjónustu við hóp sem virkilega þarf á henni að halda.

Við höfum tækifæri til að gera betur. Grípum það.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14

Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13

Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14-16

Unga fólkíð

Miðvikudagar kl. 11-14

Opíð hús

Fimmtudagar lokað

Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13

Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kropus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 - Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK

SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf

skattskil

Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi verður
laugardaginn 7. febrúar n.k.
frá kl. 11-12, að Eyravegi
15, gestur verður Ingibjörg
Isaksen þingmaður.
Allir velkomnir



FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
5. febrúar kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 5. febrúar kl. 14:45

**SAFNARÚNTUR
Á GRÆNLANDI**
LINDA ÁSDÍSARDÓTTIR
SAFNAFRÆÐINGUR

Kaffihlaðborð kvenfélagsins
verð 1.500 kr.

KIRKJUR

Þorlákskirkja

Messa kl. 11:00. Altarisganga.
Kór Þorlaks- og Hjallasóknar
leiðir almennan safnaðarsöng
undir stjórn Esterar Ólafsdóttur,
organista.
Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir
þjónar.
Verum öll velkomin.

Kyrrðarbænastund alla fimmtu-
daga kl. 17:15. Nýliðar mæti kl.
17:00.

Frá Selfoskirkju

Messa og sunnudagaskóli í
Selfoskirkju kl. 11 sunnudag-
inn 8. febrúar.

Sr. Gunnar Jóhannesson præ-
dikar og þjónar fyrir altari. Kór
Selfoskirkju leiðir safnaðar-
sönginn undir stjórn Edit Molnár.
Sjöfn Þórarinsdóttir og leiðtogar
barnastarfsins hafa umsjón með
sunnudagaskólanum.
Verið hjartanlega velkomin.

Hrepphóla kirkja:

Kirkjuskóli laugardaginn 7.
febrúar kl. 11. Hversdagsmessa
mánudaginn 9. febrúar kl. 20.
Félagar úr kirkjukórnum syngja
undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur
organsista. Verið velkomin!

Stóra-Núpskirkja:

Messa sunnudaginn 8. febrúar
kl. 11. Biblíudagurinn. Félagar
úr kirkjukórnum syngja undir
stjórn Þorbjargar
Jóhannsdóttur organista. Verið
öll velkomin!

Eyrarbakkakirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 8.
febrúar kl. 20:00.
Kammerkórinn syngur, kantor
Pétur Núi Stefánsson, prestur
Gunnar Jóhannesson.

Guðsþjónusta

Laugardaginn 7. febrúar
klukkan 11:00

Jóel Matchett leiðir
Biblíurannsókn.
Jón Hjörleifur predikar.

Barna og unglingastarf á sama
tíma

Safnaðarheimili Sjöundadags
Aðventista
Eyravegi 67 - Selfossi

Allir hjartanlega velkomnir

Skálholtsdómkirkja

Guðsþjónusta í
Skálholtsdómkirkju kl. 11 á
Biblíudaginn, 8. febrúar. Þar
þjónar og predikar Guðmundur
Brynjólfsson djákni og Gróa
Hreinsdóttir organisti spilar og
leiðir safnaðarsöng.
Barnaborðið er alltaf á sínum
stað. Innilega velkomin!

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Austurvegi 40b
Samkoma á sunnudögum
kl. 11:00
English translation available.
Unglingasamkomur á fimmtu-
dögum kl. 20:00
Allir innilega velkomnir.



Opnun nýrra sýninga

Laugardaginn 7. febrúar kl. 15 verða opnaðar fimm nýjar sýningar á Listasafni Árnesinga. Listamenn sýninganna eru Bernard Khoury, Agata Mickiewicz, Styrmi Örn Guðmundsson, Rebekka Kühnis, Hlynur Hallsson og Jeannette Castioni. Sýningarnar eru pólitískar og takast á við viðfangsefni á borð við vald, minni, rými, uppflokkun og merkingu þess að tilheyra. Þessu sýninganna eiga brýnt erindi við samfélagsmál og ólguna sem einkennir millilandalpólitík um þessar mundir.

Ný sýn, nýr heimur

Myndlistin gegnir margvíslegu hlutverki. Stundum er hún spegill, þess megnugur að varpa ljósi á tíðarandann og okkur sjálf. Stundum er hún fegurðarleit. Stundum kraftur sem umbylt getur sýn okkar á heiminn. Á yfirstandandi sýningum fær listin notið sín í margbreytileika sínum en listræn sköpun sem hreyfi- og umbreytingarafl er í forgrunni. Hér verður safnið ekki griðarstaður fortíðarþrár eða skjól frá hversdagslegum eða pólitískum áskorunum nútímans heldur rými til að kljást við þær með virku ímyndunarafli og íhuga þær djúpt. Sex listamenn úr ólíkum áttum umbreyta list í aðgerð, gagnrýni og vettvang fyrir samtal um samtímann. Frá ólíkum sjónarhornum skoða þeir vald, minni, rými, uppflokkun og merkingu þess að tilheyra.

Eitraðar grundir

Listamaðurinn Bernard Khoury dregur athygli að því hvernig byggingar geyma og segja sögur. Hann býður áhorfendum

– í gegnum myndir og frásagnir – að skynja dulda, þunga fortíð sem situr í byggingum í formi minnis. Khoury fær hávaðann frá þjókuðum strætum Beirút til að bergmála inn í friðsælt íslenskt umhverfi.

Reiturinn á milli

Jaðarstaða og jaðarfyrirbæri eru Styrmi Örn Guðmundssyni og Agötu Mickiewicz hugleikin. Með óhefðbundnum aðferðum og leikglaðri nálgun, rýna þau í það sem er „á milli“ og „á mörkum“. Það sem fellur ekki inn í mót og flokkunarkerfi samfélagsins.

Um skamma hríð

Rebekka Kühnis sýnir myndir af dýnamískri náttúru sem eru frýstar í tíma. Hún vekur áhorfendur til umhugsunar um stöðugt flæði og umbreytingu náttúrunnar en minnir líka á gildi þess að hægja á vilji maður meðtaka umhverfi sitt af dýpt.

ENN OG AFTUR - SCHON WIEDER - ONCE AGAIN

Hlynur Hallsson, sem vinnur með texta, skoðar hvernig merkingu er miðlað. Hann beinir sjónum að merkingunni sem liggur handan þess forms sem miðlar henni hverju sinni. Þetta gerir hann t.d. með því að birta textaverk á þremur ólíkum tungumálum.

Milli hluta og gagna

Jeannette Castioni endurnýtir gögn sem safnað hefur verið í þágu vísindalegrar athugunar til að endurspeglar mannlega reynslu. Þannig kvikna ný sjónarhorn og einföld sýn verður margræðari. Hún dregur til að mynda fram spennuna milli lífaðrar upplifunar fólks í erfiðum félagslegum aðstæðum og birtingarmyndar þess sem punktar í gögnum.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun

Yoga Nidra byrjar

9. feb. kl. 17:00

11. feb. kl. 17:30

13. feb. kl. 10:00

Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is



Cand.mag. í þróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsumúddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Hægt er að senda inn
fréttatilkynningar
á netfangið
dfs@dfs.is

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Fundastjórnun með Katrínu Jakobsdóttur

Þriðjudaginn 17. febrúar nk. býðst fólki að efla færni sína í fundarstjórn á námskeiðinu Fundastjórnun með Katrínu Jakobsdóttur, sem haldið verður í Háskólafélagi Suðurlands að Tryggvagötu 13 á Selfossi. Námskeiðið stendur frá kl. 16:30 til 18:30.

Katrín Jakobsdóttir hefur áratuga reynslu af stjórnun, forystu og því að leiða saman ólík sjónarmið. Á námskeiðinu miðlar hún hagnýtum verkfærum og aðferðum sem miða að því að gera fundi markvissari, skýrari og árangursríkari.

Námskeiðið er ætlað öllum sem stýra fundum, þar á meðal stjórnendum, millistjórnendum, leiðtogum og fólki sem tekur þátt í félags- og nefndarstarfi. Lögð er áhersla á einfaldar lausnir sem þátttakendur geta nýtt strax í eigin störfum.

Með öflugri fundarstjórn má meðal annars spara tíma, bæta samskipti, auka skýrleika í umræðum og skapa betri forsendur fyrir upplýsta ákvarðanatöku og eftirfylgni. Þá er lögð áhersla á



að ólík sjónarmið fái að koma fram og nýtist til styrkingar niðurstöðu.

Á tveggja klukkustunda námskeiðinu verður fjallað um helstu atriði góðrar fundarstjórnar, algengar aðstæður sem geta komið upp á fundum og hvernig best sé að bregðast við þeim. Þátttakendur fá jafnframt að glíma við raunhæft verkefni og námskeiðinu lýkur með skýrri samantekt á lykilatriðum.



**Aðalfundarboð í Félagi
eldri borgara Hveragerði**
21. febrúar 2025 kl. 14:00
í Glæsigerði Hótel Örk

Dagskrá:

Skipan fundarstjóra og fundarritara
Skýrsla stjórnar um starfsárið 2025
Ársreikningur 2025
Fjárhagsáætlun 2026
Félagsgjöld 2025

Kosningar:

- Kosning þriggja í aðalstjórn
- Kosning eins í varastjórn
- Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara
- Kosning þriggja fulltrúa á ársfund Landsambands eldri borgara.

Ársreikning félagsins 2025 og fjárhagsáætlun 2026 verður að finna á heimasíðu eftir 10.febrúar og verður auk þess dreift á fundinum. Vinsamlegast kynnið ykkur vel þessi gögn fyrir aðalfundinn. Að fundi loknum er öllum boðið í kaffiveitingar í Glæsigerði á Hótel Örk

Hveragerði, 28. janúar 2026
Stjórn Félags eldri borgara Hveragerði.



Gagnheiði 17, 800 Selfoss | Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is | www.prentmetoddi.is

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

- Sandlækur 2 L166591; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2512021**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. janúar 2026, skipulagslýsingu til kynningar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst að sett verður inn nýtt verslunar- og þjónustusvæði sem nær yfir Sandlæk 2 L166591, Sandlæk I land 4 L212043, Sandlæk 1 lóð 5 L217870, Sandlæk 2 lóð L209688 og Sandlæk 1 L201306. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Markmið með breytingunni er að heimila gistingu fyrir allt að 40 gesti á um 3 ha svæði. Föst búseta verður áfram á svæðinu og heimilað verður að halda áfram búskap.
- Tjaldafell fjallaríki L175568; Fjölgun lóða, auka byggingarheimildir og gistirými; Aðalskipulagsbreyting - 2511039**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. janúar 2026, að kynna breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Svæðið sem breytingin nær til er skálasvæðið við Tjaldafell, norðaustan Skjaldbreiðar. Í breytingunni felst að afþreyingar- og ferðamannasvæði stækkar úr 5 ha í 14,7 ha, lóðum er fjölgað úr 10 í 13 og settir eru skilmálar fyrir svæðið, s.s. byggingarheimildir á hverri lóð og fjöldi gesta.
- Stóra-Mástunga 1 L166603; Efnistökusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2511005**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. janúar 2026, að kynna breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst að sett er inn ný náma í landi Stóru-Mástungu. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Með breytingunni er heimiluð allt að 45.000 m3 efnistaka á 2 ha svæði.
- Biskupstungnabraut og Þingvallavegur; Hjólastígur; Aðalskipulagsbreyting - 2509014**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. janúar 2026, að kynna breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst að settir eru inn göngu- og hjólréiðastígur meðfram Biskupstungnabraut, Þingvallavegi og Sólheimavegi. Markmiðið er að bæta möguleika á vistvænum samgöngum, öryggi vegfarenda og heilsu íbúa og gesta, samhliða uppbyggingu ferðaþjónustu og annarrar þjónustu í sveitarfélaginu.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

- Skógarlundur L236998; Uppbygging ferðaþjónustu; Deiliskipulag - 2512005**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. janúar 2026, að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Skógarlundar L23699. Í deiliskipulaginu felst að landið verði skilgreint fyrir gistiþjónustu í smáhýsum ásamt þjónustubyggingum. Heimild er fyrir 70 gistihúsum og 192 gistirýmum, ásamt þjónustuhúsum fyrir starfseminu. Hámarksbyggingarmagn er 3,000 m2 fyrir svæðið. Deiliskipulag þetta er unnið samhliða breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið.
- Loftsstaðir-Vestri L165512; Breytt stærð byggingarreita; Kúluhús-tjaldhýsi; Deiliskipulagsbreyting - 2510028**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. janúar 2026, að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Loftsstaða-Vestri L165512 í Flóahreppi. Í breytingunni felst að byggingarreitur B4 er færður til og þar verður heimilt að setja upp hús að hámarki 30 m2 og gufu að hámarki 25 m2. Byggingarreitur B3 breytist í lögum og þar er heimilt að reisa 15 kúluhús sem er um 4,6 m í þvermál vestan við veginn. Austan við veginn er heimilt að setja upp þjónustuhús að hámarki 150 m2.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1. - 4. innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 5. febrúar 2026 með athugasemdarfresti til og með 27. febrúar 2026.

Mál 5. - 6. innan auglýsingar er skipulagsmál í auglýsingu frá 5. febrúar 2026 með athugasemdarfresti til og með 20. mars 2026.

Athugasemdom og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdom og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf

okuland.is



Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur / Sjálfskiptur bíll



Fæst hjá
BYKO Selfossi

ÁREIÐANLEGIR PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.

**BYGGINGARÞJÓNUSTA
SUÐURLANDS**
Nýbyggingar · Viðgerðir
Endurbætur

Áreiðanleg þjónusta með reynslu

Sími 659 3522 / 772 8906
bygg@byggingarsudurlands.is
www.byggingarsudurlands.is

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is

**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**

STÍFLULOSANIR
LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKOÐANIR
SÓNUM ÚT LAGNIR
LAGNAFÓÐRUN
ROTÞRÆR
FITUGILDRUR
SANDGILDRUR
SKÓLPHEINSISTÖÐVAR
HOLRÆSAHREINSUN

VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM

510 1180 - 669 8441

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

Bílasprautun · Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA

LÖGGILTIR
HÚSASMÍÐAMEISTARAR

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN


GBHUSEHF@GMAIL.COM



LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



**Stíflubjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFJR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.



Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is